

Grunnstof Garðabæjar er samstarfsvettvangur foreldrafélaga í grunnskólum Garðabæjar og málsvari foreldra grunnskólanemenda í bænum. Grunnstof vinnur að sameiginlegum málefnum skólanna og gefur umsagnir um ýmis mál er varða starfsemi grunnskólanna. Samstarfið gerir foreldrafélögunum kleift að vera í nánú sambandi og fylgjast með því helsta sem fer fram í grunnskólunum og vera bæjaryfirvöldum til aðstoðar og ráðuneytis um skóla- og fjölskyldumál.

Tilgangur Grunnstofar er að styrkja rödd foreldra sem hagsmunahóps í bæjarfélaginu og sameina krafta þeirra til góðra verka í skólamálu, meðal annars með því að auka samskipti milli foreldra og skóla bæjarfélagsins og með því að velja áheyrnarfulltrúa úr stjórn Grunnstofar á fundi skólanefndar Garðabæjar. Grunnstof skiptir með sér verkum og setur sér starfsreglur:

1. Grunnstof er samstarfsvettvangur foreldra barna í skólum Garðabæjar.
2. Öll foreldrafélög grunnskóla í Garðabæ geta átt aðild að Grunnstof.
3. Grunnstof er skipuð tveimur fulltrúum foreldra frá hverjum grunnskóla í Garðabæ og tveimur varamönnum. Annar fulltrúinn er tilnefndur af stjórn foreldrafélags og hinn skal vera fulltrúi foreldra í skólaráði síns skóla.
4. Fyrsti fundur nýrrar stjórnar skal haldinn fljótlega eftir aðalfund Grunnstofar. Á þeim fundi skal stjórn skipta með sér verkum og velja úr sínum hópi formann, varaformann og ritara. Við kjör í trúnaðarstöður skal þess gætt eins og kostur er að trúnaðarembætti Grunnstofar færist á milli skólanna í ákveðinni röð. Hvert foreldrafélag innan Grunnstofar skal að jafnaði taka að sér að leiða starfið í eitt ár en sú hefð hefur skapast að það foreldrafélag sem gegnir varaformennsku leiði starfið að ári.
5. Grunnstof fundar eigi sjaldnar en fimm sinnum yfir skólaárið og oftast ef þurfa þykir. Á fyrsta fundi stjórnar skal verkaskipting, fundarstaður og fastir fundartímar ákveðnir og starf vetrarins skipulagt.
6. Formaður sér um að boða til funda með dagskrá. Hann heldur einnig til haga gögnum vetrarins og kemur þeim til arftaka síns. Einnig skal formaður tryggja að skýrsla Grunnstofar verði aðgengileg inni á vef Garðabæjar.
7. Stjórn Grunnstofar skal velja úr sínum hópi áheyrnarfulltrúa foreldra í skólanefnd grunnskóla til eins árs í senn. Skal varamaður taka sæti aðalmanns að ári nema annað sé ákveðið. Við val á áheyrnarfulltrúa foreldra skal þess gætt að hann komi ekki úr sama skóla og skólastjóri sem samtímis situr í skólanefnd grunnskóla Garðabæjar.

8. Áheyrnarfulltrúi á vegum Grunnstoðar í skólanefnd starfar eftir erindisbréfi samþykktu af Grunnstoð. Áheyrnarfulltrúi situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt, samkvæmt gildandi lögum um grunnskóla, og talar þar máli foreldra. Hann fylgir eftir erindum frá Grunnstoð og miðlar upplýsingum til stjórnar um þau mál sem tekin eru fyrir í skólanefnd á fundum Grunnstoðar þegar það á við.

9. Grunnstoð skal standa fyrir fræðslufundi a.m.k. einu sinni á skólaári sem opnir eru öllum íbúum bæjarins. Fulltrúar hvers foreldrafélags í stjórn Grunnstoðar aðstoða við að vekja athygli á fundinum í þeirra foreldrasamfélagi og hvetja til þátttöku.

10. Stjórn Grunnstoðar á fund með skólaskrifstofu og bæjarstjóra einu sinni á hvorri önn. Þar gefst henni kostur á að koma hverju því á framfæri sem lýtur að hverjum skóla fyrir sig eða skólasamfélaginu í heild.

11. Grunnstoð er tengiliður við landssamtök foreldra og tilnefnir fulltrúa og varamann hans í fulltrúaráð Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra. Fulltrúi Grunnstoðar sér um að koma upplýsingum til Heimilis og skóla og miðla upplýsingum frá samtökunum til Grunnstoðar.

12. Aðalfund skal halda þegar foreldrafélögin sem eru aðilar að Grunnstoð hafa haldið sína aðalfundi þó eigi síðar en í byrjun október ár hvert.

a. Dagskrá aðalfundar skal innihalda:

- i. Skýrslu stjórnar
- ii. Samantekt frá áheyrnarfulltrúa Grunnstoðar í skólanefnd Garðabæjar
- iii. Samantekt starfandi nefnda
- iv. Umræðu um skýrslu stjórnar
- v. Kynningu á nýjum fulltrúum í stjórn og nefndir
- vi. Önnur mál

13. Stjórn Grunnstoðar skal boða til aðalfundar með viku fyrirvara.

14. Skýrsla stjórnar skal að loknum aðalfundi vistuð á vef Garðabæjar og vera öllum aðgengileg.

Samþykkt á fundi Grunnstoðar á Bjarnastöðum 12. október 2015.